

Afkoma HB Granda hf. árið 2016

Fjórði ársfjórðungur

Rekstrartekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2016 voru 48,7 m€, á móti 58,9 m€ á fjórða ársfjórðungi 2015.

EBITDA nam 4,1 m€ á fjórða ársfjórðungi í ár, en nam 7,3 m€ á sama tímabili 2015.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi var 1,1 m€ samanborið við 13,3 m€ árið áður, en þá var bakfærð virðisrýrnun að fjárhæð 8,0 m€ vegna aflaheimilda í botnfiski og innleystur 3,8 m€ söluhagnaður eignarhluta í dótturfélagi. Án þessara tveggja liða nam hagnaður fjórða ársfjórðungs 2015 1,6 m€.

Árið 2016

Rekstrartekjur ársins 2016 námu 201,2 m€, en voru 225,5 m€ árið 2015.

EBITDA ársins 2016 var 44,3 m€ (22,0%) en var 54,2 m€ (24,0%) árið áður.

Hagnaður ársins var 26,2 m€, en var 44,5 m€ árið áður.

Hagnaður á hlut var 0,014, en var 0,025 árið áður.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur				
í þúsundum evra	4F2016	4F2015	2016	2015
Seldar vörur	48.699	58.901	201.150	225.510
Kostnaðarverð seldra vara	(41.825)	(48.683)	(149.340)	(159.866)
Vergur hagnaður	6.874	10.218	51.810	65.644
Aðrar tekjur	0	1.316	0	6.272
Úflutningskostnaður	(2.729)	(3.234)	(11.225)	(13.209)
Annar rekstrarkostnaður	(3.827)	(4.009)	(11.241)	(12.490)
Bakfærð virðisrýrnun	0	7.979	0	7.979
Rekstrarhagnaður	318	12.270	29.344	54.196
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(465)	3.820	(2.395)	2.646
Áhrif hlutdeildarféлага	1.500	(877)	4.490	(3.757)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.353	15.213	31.439	53.085
Tekjuskattur	(284)	(1.881)	(5.214)	(8.590)
Hagnaður tímabilsins/ársins	1.069	13.332	26.225	44.495
EBITDA	4.136	7.335	44.275	54.239

Rekstur ársins 2016

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2016 námu 201,2 m€, samanborið við 225,5 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 44,3 m€ eða 22,0% af rekstrartekjum, en var 54,2 m€ eða 24,0% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 2,4 m€, en voru jákvæð um 2,6 m€ árið áður. Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 4,5 m€, en voru neikvæð um 3,8 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 31,4 m€, samanborið við hagnað að fjárhæð 53,1 m€ árið áður. Tekjuskattur að fjárhæð 5,2 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum. Hagnaður ársins varð því 26,2 m€ en var 44,5 m€ árið áður.

Afkoma HB Granda hf. árið 2016

Meðalfjöldi ársverka árið 2016 var 859 en var 880 árið 2015. Laun og launatengd gjöld námu samtals 70,0 m€, samanborið við 69,5 m€ árið áður (9,3 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 10,1 milljarða árið áður).

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 450,0 m€ í árslok 2016. Þar af voru fastafjármunir 372,6 m€ og veltufjármunir 77,4 m€. Eigið fé nam 250,1 m€ og var eiginfjárhlutfall 56%, en var 62% í lok árs 2015. Heildarskuldir félagsins voru í árslok 2016 199,9 m€.

Efnahagsreikningur 31.12.2016 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	372.601	319.658
Veltufjármunir	77.447	75.708
Eignir samtals	450.048	395.366
Eigið fé	250.102	245.843
Langtímaskuldir	126.334	109.750
Skammtímaskuldir	73.612	39.773
Eigið fé og skuldir samtals.....	450.048	395.366

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 25,0 m€ árið 2016, en var 44,5 m€ árið áður. Fjárfestingar námu 57,3 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 28,4 m€. Handbært fé lækkaði því um 3,9 m€ og var í árslok 7,3 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2016	2015
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri	25.038	44.511
Fjárfestingarhreyfingar	(57.272)	(37.598)
Fjármögnunarhreyfingar	28.364	(20.436)
Breyting á handbæru fé.....	(3.870)	(13.523)
Handbært fé í árslok.....	7.334	11.204

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2016 (1 evra = 133,22 ísk) verða tekjur 26,8 milljarðar króna, EBITDA 5,9 milljarðar og hagnaður 3,5 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2016 (1 evra = 118,8 ísk) verða eignir samtals 53,5 milljarðar króna, skuldir 23,8 milljarðar og eigið fé 29,7 milljarðar.

Skipastóll og afli

HB Grandi hf. gerði út 9 fiskiskip í árslok. Í ársbyrjun 2017 fékk félagið afhentan fyrsta ísfisktogarann af þremur, og stendur nú yfir vinna við að koma fyrir vinnslu og lestarbúnaði í hann. Reiknað er með að tveir seinni togararnir verði afhentir síðar á þessu ári.

Árið 2016 var afli skipa félagsins 46 þúsund tonn af botnfiski og 96 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Önnur mál

Verkfall sjómanna hefur sett verulegan svip sinn á rekstur félagsins á síðasta hluta fjórða ársfjórðungs 2016 og það sem af er ári 2017. Ekki er þó hægt að segja til um hversu mikil áhrif verkfallið mun hafa á afkomu félagsins þegar upp er staðið. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og flest aðildarsamtök sjómanna náðu samkomulagi aðfararnótt 18. febrúar. Sjómenn samþykktu nýjan kjarasamning daginn eftir, og héldu skip félagsins til veiða í kjölfarið. Atkvæðagreiðsla VM Félags vélstjóra og málmæknimanna lýkur föstudaginn 24. febrúar 2017.

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 5. maí í matsal félagsins við Norðurgarð í Reykjavík og hefst klukkan 17:00.

Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2017 verði vegna rekstrarársins 2016 greiddar 1 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 1.814 millj. kr. (um 15,3 millj. evra á lokagengi ársins 2016), eða 3,8% af markaðsvirði hlutfjár í lok árs 2016. Arðurinn verði greiddur 31. maí 2017. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 5. maí 2017 og arðleysisdagur því 8. maí 2017.

Arðsréttindadagur er 9. maí 2017. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

Kynningarfundur þann 23. febrúar 2017

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi verður haldinn á morgun fimmtudaginn 23. febrúar klukkan 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 22. febrúar 2017. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur/Birting ársskýrslu	5. maí 2017
Arðgreiðsludagur	31. maí 2017
Fyrsti ársfjórðungur	31. maí 2017
Annar ársfjórðungur	30. ágúst 2017
Þriðji ársfjórðungur	29. nóvember 2017
Fjórði ársfjórðungur	28. febrúar 2018